

Jafnlaunastefna

Jafnlaunastefna Krónunnar er launastefna og gildir fyrir allt starfsfólk.

Jafnlaunastefnan er til að gæta jafnréttis í launaákvörðunum til að starfsfólk hafi jöfn laun fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf óháð kynjum. Hún er einnig órjúfanlegur hluti af jafnréttisstefnu.

- Starfrækt er jafnlaunakerfi í samræmi við jafnlaunastaðli ÍST 85, ásamt lagalegum og öðrum skilgreindum kröfum.
- Jafnlaunaviðmið ákveða launabil fyrir skilgreint starf, þau eru málefnaleg og fela hvorki í sér beina né óbeina mismunun.
- Allar launaákvæðanir skulu vera gegnsæjar, málefnalegar, skjalfestar og rekjanlegar.
- Jafnlaunastefna og -markmið er rýnd árlega í rýni stjórnenda.

Framkvæmdastjóri og stjórnendur Krónunnar bera ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt. Mannauðsstjóri hefur eftirlit með og ber ábyrgð á stöðugum úrbótum og að jafnlaunastaðli sé framfylgt.